Nr. 50 23. maí 2024

# LÖG

**um brottfall ýmissa laga á sviði fjármálamarkaðar (úrelt lög).**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin lög eru felld úr gildi:

1. Lög um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, nr. 99/1935, og lög um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, nr. 22/1939.
2. Lög um viðauka við lög nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, nr. 31/1954.
3. Lög um Fjárfestingarfélag Íslands hf., nr. 46/1970.
4. Lög um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, nr. 93/1980.
5. Lög um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána, nr. 81/1983.
6. Lög um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum, nr. 20/1984.
7. Lög um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., nr. 119/1985.
8. Lög um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands, nr. 31/1986.
9. Lög um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, nr. 7/1987.
10. Lög um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra, nr. 18/1992.
11. Lög um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu, nr. 45/1993.
12. Lög um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum, nr. 146/1998.
13. Lög um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, nr. 172/2008.
14. Lög um stofnun opinbers hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja, nr. 75/2009.
15. Lög um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf., nr. 138/2009.
16. Lög um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, nr. 35/2014.
17. Lög um stöðugleikaskatt, nr. 60/2015.
18. Lög um brottfall laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og niðurlagningu Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands, nr. 35/2017.

19. Lög um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum, nr. 42/2018.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2024.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**
(L. S.)

*Sigurður Ingi Jóhannsson.*

A-deild – Útgáfudagur: 3. júní 2024